

2 Svefnherbergi Þakíbúð - Penthouse in Lomas de Cabo Roig

Ref: P500

460.000€



Tegund eignar : Þakíbúð -
Penthouse

Bæjarfélag / Hverfi : Lomas
de Cabo Roig

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2024

Sundlaug : Í sameign

Garður : Í sameign

Eignin snýr : til suð-vesturs

Útsýni : Sjávarútsýni

Bílastæði : Bílastæðakjallari

**Fermetra stærð
eignar :** 75,02 m²

Stærð verandar : 14,37 m²

Stærð þaksvala : 69,5 m²

Flugvöllur : 40 min

Strönd : 5 min

Borg : 2 min

Golf : 3 min

- ✓ Geymsla
- ✓ Verönd
- ✓ Innbyggð loftkæling

- ✓ Hiti í gólfi
- ✓ Þaksvalir

- ✓ Lyfta
- ✓ Heimilistæki

Einstaklega fallegar íbúðir í hæðum Cabo Roig á Costa Blanca ströndinni.

Íbúðin sem um ræðir er á efstu hæð í nýrri fjögurra hæða íbúðarbyggingu, íbúðin er 75,02m² að stærð með 2 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum með hita í gólfi. Rúmgóðar svalir fylgja íbúðinni sem og mjög stórar þaksvalir en með þeim fylgir pergola, einnig fylgja hágæða heimilistæki og sér bílastæði í bílakjallara. Aðgangur að glæsilegum sameiginlegum garði fylgir einnig en í honum er að finna 2 sundlaugar, þar af ein barnalaug, nuddpottur, líkamsræktaraðstaða og græn svæði þar sem kjörið er að njóta sólarinnar sem skín í meira en 300 daga á ári. Erum með mikið úrval íbúða á skrá í þessari sömu byggingu.

Skammt frá er á 18 holu golfvöllirnir Campoamor, Las Ramblas og Villamartin, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golfþróttina eða tylla sér á fallega útsýnisbari og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring.

Stutt að fara til annarra hverfa, hvort sem er á tveimur jafnfljótum, eða á farartæki s.s. á strandsvæði Cabo Roig, til La Zenia, eða til Los Dolses hverfisins. En það má segja að ekki sé meira en 15 mín létt labb til allra þessara hverfa.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torre Vieja spítala sem er í 10 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!

